

# Skólaráðsfundur kl. 8.15, 3. maí 2022

Mættir: Hilmar Egill skólastjóri, Elsa Lára og Manassa, fulltrúar foreldra. Særún fulltrúi grenndarsamfélagsins, Kristjana kennari, Elín Þroskaþjálfí, Kristín Hulda fulltrúi almennra starfsmanna, Ingibjörg Lára fulltrúi nemenda.

## 1. Kynning nýrra fulltrúa í skólaráði

Einn nýr fulltrúi er í ráðinu í ár, Júlía fulltrúi nemenda en hún var fjarverandi.

## 2. Skipan, starfsreglur og verkefni skólaráðs

Hilmar fór yfir helstu verkefni og reglur ráðsins.

## 3. Drög að starfsáætlun skólaráðs

Hilmar kynnti nýja starfsáætlun þar sem hefur verið skilgreint hvaða málefni skuli taka fyrir á skólaráðsfundum yfir árið.

## 4. Skóladagatal

- Hilmar kynnti breytingar frá fyrra ári, stefnt að því að skólastarf hefjist á þemadögum fyrir eldri nemendur en yngri nemendur hafa þemadaga viku seinna. Reynslan hefur sýnt að erfitt er fyrir yngri nemendur að koma nýja inn í skólann og fara strax að blandast öðrum bekkjum og þekkja engan.
- Skólinn hefur farið á Reyki síðustu ár. Nú verður starfsemin boðin út en þeir sem hafa verið þar undanfarin ár munu ekki taka þátt í útboði. Þau munu hefja aðra starfsemi á Laugum í Sælingsdal í staðinn og er stefnan á að fylgja þeim þangað.
12. september er áætluð 150 ára afmælishátíð skólans. Á heimasíðu skólans er þessum viðburði gerð góð skil. Þorvaldur Örn Árnason hefur skrifað marga pistla í tengslum við afmælið og verður þeim haldið til haga þarna. Áætlað að verði kaffisamsæti í skólanum. Hilmar hefur haft samband við forsetann og er að skoða með að koma að grein í Skólavörðuna, tímarit kennarasambandsins.
- Hilmar sagði frá því að lögð var könnun fyrir starfsmenn varðandi dagsetningu á árhátíð. Það er lítil tími til að ganga frá í skólanum fyrir páskafrí og Tjarnarsalur mikið í útleigu. Rætt um hvort eigi að flýta árhátíð um viku.
- Elín gerði athugasemd við liti á starfsdögum í planinu, of líkir lit á helgarfrisdögum.

## 5. Önnur mál

- Særún benti á að einstaklingur sem hefur staðið fyrir upplestrarkeppninni er að hætta og veltir fyrir sér hvað tekur við, hvort það sé ráðuneytið eða annar. Hilmar sagði að hugsunin sé að skólarnir taki við keflinu. Stóru-Vogaskóli er í samstarfi við 3 aðra skóla. Hilmar viðraði þá hugmynd að skólaskrifstofurnar tækju við keflinu. Töluverð vinna liggur að baki undirbúningi keppinnar. Gera auglýsingar, viðurkenningar, fá gjafir fyrir keppendur og fleira sem fellur til og lendir á skóla sem heldur keppnina það skiptið.
- Særún benti á að vanti umferðarskilti í grennd skólans. Mjög margir bílar keyra Vogagerðið á hverjum morgni. Kom einnig með þá hugmynd að tengja umferðaöryggi við 150 ára afmælið. Hvernig hefur það verið í gegnum tíðina að ganga í skólann.
- Elsa Lára óskaði skólanum til hamingju með nýjar gardínur og hljóðdempun. Segir að það muni miklu í kórastarfinu að hafa dempunina.

- d. Særún benti á síðuna barn.is sem er með ýmsar ábendingar varðandi persónuvernd og fleira sem skólar og félagasamtök geta nýtt sér.
- e. Rætt um símalausa daga og skóla.
- f. Rætt um netsamband í skólanum. Samkvæmt Hannesi tölvumanni er sambandið gott en því miður er ekki mikið pláss fyrir öll tækin sem eru í notkun. Það mun ekki breytast nema með ljósleiðaratengingu í skólann.

Næsti fundur: ekki tekin ákvörðun á fundi

Fundi slitið kl. 9:20

Fundarritari: Elín Þ. Samúelsdóttir